

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

333. fundur

Þriðjudaginn 29. desember 2020 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn sem var fjarfundur hófst kl. 12:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI), öll í fjarfundi.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021.
2. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021.

Í forsendum fyrir fjárhags- og starfsáætlun 2021 til 2025 er gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi frá stjórnvöldum vegna áhrifa COVID 19 á rekstur Strætó. Viðræður hafa verið í gangi milli stjórnar SSH og stjórnvalda vegna áhrifa COVID 19 á tekjur Strætó á árinu 2020, en útlit er fyrir að tekjur verði um 800 mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir stöðuna og áhrif þess á fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2021.

Framkvæmdastjóri Strætó óskaði eftir heimild stjórnar Strætó til að sækja um yfirdráttarheimild upp á allt að 300 mkr. til öryggis meðan skoðað væri hvaða aðgerða þarf að grípa til vegna stöðu Strætó. Þá var framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur að sviðsmyndum til hagræðingar í rekstri fyrir árið 2021.

Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra Strætó að sækja formlega um yfirdráttarheimild upp að 300 mkr. hjá viðskiptabanka Strætó og að óska eftir eigendafundi í 3ju viku janúar mánaðar.

2. Önnur mál

Fundi slitið kl. 12:45.

Fylgiskjöl:

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason